Sjálfseignarstofnunin

HANDVERK OG HÖNNUN

Ársskýrsla

2010

Leiðarljós allrar starfsemi HANDVERKS OG HÖNNUNAR eru þau markmið sem sett voru á stofnfundi í janúar 2007. Þau eru eftirfarandi:

- Að stuðla að eflingu handverks, hönnunar og listiðnaðar og auka gæðavitund á þessu sviði.
- Að auka skilning almennt á menningarlegu, listrænu og hagnýtu gildi handverks, hönnunar og listiðnaðar með fjölbreyttri kynningarstarfsemi.
- Að koma til móts við þarfir þessara greina fyrir þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar.
- Að halda áfram uppbyggingu gagnagrunns á þessu sviði.
- Að vera sameiginlegur vettvangur þeirra sem starfa að handverki, hönnun og listiðnaði.

Stjórn og starfsmenn

Í stjórn HANDVERKS OG HÖNNUNAR eru Anna Kristín Gunnarsdóttir, formaður, Birta Flókadóttir, varaformaður, Ólöf Nordal, Signý Ormarsdóttir og Halla Bogadóttir, meðstjórnendur.
Varamenn eru Árni Snæbjörnsson og Þórey S. Jónsdóttir.

Fastir starfsmenn eru Sunneva Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri og Fjóla Guðmundsdóttir sérfræðingur. Þær eru báðar í 100 % starfi. Um færslu á bókhaldi sér Sveinbjörn Bjarnason bókari og Þorvaldur Þorvaldsson löggiltur endurskoðandi sér um endurskoðun. HANDVERK OG HÖNNUN er með skrifstofur í Aðalstræti 10.



Fjármagn

Það fjármagn sem HANDVERKI OG HÖNNUN var úthlutað af fjárlaganefnd í árslok 2009 til starfseminnar 2010 var 14.5 M. Það voru umtalsvert minni fjármunir sem verkefnið hafði haft á

tímabilinu 1999-2009, (*sjá fylgiskjal 1.)* Stofnunin hefur notið velvildar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins árið 2007 og 2008. Sjóðurinn sá sér ekki fært að styrkja starfsemina árið 2010.

HANDVERK OG HÖNNUN fékk verkefnastyrk frá Samtökum iðnaðarins, Arion banka og Valitor vegna sýningar/kynningar í Ráðhúsi Reykjavíkur. Það hefur verið markmið stjórnar HANDVERKS OG HÖNNUNAR frá upphafi að hafa þátttökugjöld í hinum ýmsu verkefnum hófleg en vegna þröngrar fjárhagsstöðu síðustu ár hafa þau hækkað töluvert. Vegna þessarar þröngu stöðu þá voru öll þátttökugjöld hækkuð um 30% á árinu 2010. Fjárhagsáætlun ársins var einnig endurskoðuð og ljóst var að skera þurfti mikið niður. Nokkur verkefni var alveg hætt við vegna fjárskorts. Stjórn ákvað að taka ekki laun fyrir árið 2010 og ákveðið að ferðasjóður yrði lagður niður tímabundið.

Stjórnarfundir

Haldnir voru tveir formlegir stjórnarfundir á árinu 2010, þann 1. febrúar og 21. október 2010. Verkefni ársins voru skipulögð og engir möguleikar til nýrra verkefna þar sem fjármunir voru miklu minni en áætlað var. Stjórnarformaður og stjórnarmenn eru þó í reglulegu sambandi við skrifstofuna utan þessara formlegu funda.

Ráðgjafafundir

Í stofnskrá HANDVERKS OG HÖNNUNAR er gert ráð fyrir ráðgjafahóp sem á að vera stjórn og starfsmönnum stuðningur við að skipuleggja framtíðarverkefni. Ráðgjafafundur var haldinn 4. mars 2010. Ráðgjafafundirnir eru mikilvægur vettvangur sem tengir starfsfólk og stjórn HANDVERKS OG HÖNNUNAR við grasrótina. Þar að auki gerir skrifstofa HANDVERKS OG HÖNNUNAR skoðanakannanir hjá þátttakendum í tengslum við ýmis verkefni.

Helstu áætluðu verkefni HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2010:

- Heimasíða HANDVERKS OG HÖNNUNAR.
- Fréttabréf 7-8 fréttabréf á mánuði.
- Ráðgjöf og fræðsla.
- Lok Farandsýningarinnar Einu sinni er í Norræna húsinu – Reykjavík.
- Sýningar á skörinni, Aðalstræti 10, þrettán sýningar.
- Jólasýningin “Allir fá þá eitthvað fallegt...” í Fógetastofunum, Aðalstræti 10, desember 2010.
- Kynning í Ráðhúsi Reykjavíkur.
- Kynning í Ketilhúsinu Akureyri.
- Bók um handverk og hönnun.
- Erlent samstarf.
- Ferða – og verkefnasjóður.
- Sérstakt kynningarstarf – fréttabréf á ensku.

Heimasíða HANDVERKS OG HÖNNUNAR

Heimasíðan www.handverkoghonnun.is er í stöðugri þróun. Á heimasíðunni eru mjög fjölbreyttar upplýsingar og umfangsmikið myndefni. Virk vefmæling hefur verið gerð á síðunni í nokkur ár og umferð á síðuna er mikil. Tæplega eitt þúsund aðilar hafa skráð sig á póstlista heimasíðunnar og fá reglulega fréttir af starfseminni 4-7 sinnum í mánuði.

Árið 2010 var allt viðmót síðunnar vegna kynningar í Ráðhúsi Reykjavíkur endurskoðað og er það nú mun myndrænna en áður. Heimasíðan er á íslensku og ensku. Flest verkefni og viðburðir

á vegum HANDVERKS OG HÖNNUNAR eru kynntir sérstaklega á heimasíðunni. Í gagnabanka eru kynntir einstaklingar sem stunda handverk, listiðnað og hönnun. Listamaður mánaðarins er kynntur sérstaklega á forsíðu. Allir sem valdir hafa verið á sýningar/kynningar HANDVERKS OG HÖNNUNAR hafa rétt á skráningu í gagnagrunninn, aðrir verða sækja um það sérstaklega, og valnefnd metur þær umsóknir.

HANDVERK OG HÖNNUN safnar kerfisbundið upplýsingum um nám og námskeið í handverki, hönnun og listiðnaði. Á heimasíðunni eru umfangsmiklar upplýsingar um styrki, skóla, nám og ýmsa viðburði sem tengjast þessum málaflokki, hérlendis og erlendis. Heimasíðan er starfseminni mjög mikilvæg.

Fréttabréf

HANDVERK OG HÖNNUN hefur gefið út FRÉTTABRÉF frá stofnun 1994. Prentun á fréttabréfum var hætt 2007 enda mikil þörf fyrir tíðari fréttir. Nú eru fréttir sendar í tölvupósti yfirleitt 7-8 sinnum í mánuði.

Ráðgjöf og fræðsla

Eftirspurn um alls kyns ráðgjöf er töluverð hjá HANDVERKIOG HÖNNUN. Framkvæmdastjóri hefur farið víða um land með fyrirlestra og ráðgjöf. Mikill áhugi er víða á þróun í gerð minjagripa. HANDVERK OG HÖNNUN á nú eftir langt starf mikið myndefni og þar hefur einnig safnast mikil þekking.

- Haldinn var fyrirlestur á Egilsstöðum í samvinnu við Þorpið – skapandi samfélag og Vatnajökulsþjóðgarð. Vatnajökulsþjóðgarður var að opna nýja starfsstöð á austurlandi við Skriðuklaustur. Hugmyndin var að þróa sérstaka staðbundna minjagripi í tengslum við þjóðgarðinn.
- Fulltrúi frá HANDVERK OG HÖNNUN var einnig ráðgjafi við undirbúning á stofnun verslunarinnar Hús handanna á Egilsstöðum.
- HANDVERK OG HÖNNUN tók þátt í verkefni sem skipulagt var af Sigríði Elínu Þórðardóttur, starfsmanni þróunarsviðs Byggðastofnunar. Verkefnið hét Atvinnurekstur kvenna – Auður til framtíðar. Aðrir samstarfsaðilar voru Listaháskóli Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Útflutningsráð Íslands, Ímark og Hönnunarmiðstöð. Byggðastofnun auglýsti eftir umsóknum til markaðasetningar erlendis á íslensku handverki og hönnunarvörum. Þátttökurétt höfðu allar konur og fyrirtæki sem eru í meirihluta eigu konu/kvenna með lögheimili á starfssvæði Byggðastofnunar.
- Fulltrúi HANDVERKS OG HÖNNUNAR tók þátt í undirbúningi á Samkeppni um minjagripi og handverk til minningar um Jón Sigurðsson. Björn G. Björnsson starfsmaður afmælisnefndar stýrði verkefninu. Samkeppninni var hleypt af stokkunum 17. júní 2010 og skilafrestur var til 20. september 2010.
- Framkvæmdastjóri HANDVERKS OG HÖNNUNAR fór á ársfund atvinnuráðgjafa á öllu landinu sem haldinn var á Egilsstöðum 7. október 2010. Þar var starfsemi HH kynnt og skoðaðir möguleikar á samstarfi og tækifærum. Tvö verkefni eru þegar farin í gang, í Vestmannaeyjum og Reykjanesbæ.
- Umtalsverð ráðgjöf og móttaka fjölbreyttra hópa fer einnig fram á skrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík.

Sýningar HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2010

HANDVERK OG HÖNNUN hefur haldið fjölmargar sýningar undanfarin ár. Sýningarnar frá upphafi eru rúmlega sextíu og sýnendur/þátttakendur eru um fjögur hundruð, víðs vegar af landinu.
Áformað var að hafa þemasýningu á árinu 2010 og opna sýninguna sem var á Heimilisiðnaðarsafninu sumarið 2009 í Reykjavík eða Akureyri. Vegna niðurskurðar á fjárveitingu var ákveðið að fresta þessum verkefnum.

Sýningar á skörinni 2010

Á skörinni er lítill sýningarsalur í Aðalstræti 10. Skipulagðar voru 13 sýningar á skörinni frá 25. febrúar til 1. desember 2010.

SAUÐFÉ, HLÝRI, HROSS OG GEIT, 25. febrúar til 14. mars, Ragnar G. Einarsson, bókband

MÓTUN, 18. mars til 24. mars, Hönnunarmars, nemendur í keramikdeild Myndlistaskólans í Reykjavík, umsjón hafði Ólöf Erla Bjarnadóttir kennari.

ÞRÆÐIR, 26. mars til 19. apríl, Svava K. Egilsson, textílhönnun

FORMLEIKUR, 22. apríl til 11. maí, María Manda , innsetning úr umbúðum

SKYRTUBRJÓST OG HÁLSSKRAUT, 14. maí til 1. júní, Íris Ólöf Sigurjónsdóttir, textílhönnun

NÚ ER LAG, 4. til 22. júní, Halldóra Hafsteinsdóttir, leirlist

HANDSPUNNIÐ OG JURTALITAÐ BAND, 25. júní til 12. júlí , Sýning frá Ullarselinu á Hvanneyri

Í ÖÐRU RÝMI, 14. júlí til 19. ágúst, Kristín Sigfríður Garðarsdóttir, leirlist

BOTNÍUR OG BORÐFÆTUR, 21. ágúst til 14. september, Auður Inga, leirlist

VOÐIR, 17. september til 4. október, Steinunn Björg Helgadóttir, textílhönnun

SVARTUR BREGÐUR Á LEIK, 8. til 26. október, Elín Guðmundsdóttir, leirlist

LISTVEISLA 1, 29. október til 10. nóvember. Sýning frá Safnasafninu, Svalbarðseyri

GRÝLUKERTI, 12. nóvember til 1. desember 2010, Hrefna Harðardóttir, leirlist



Í öðru rými, Kristín S. Garðarsdóttir



Formleikur, María Manda

Jólasýning HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2010

Jólasýning HANDVERKS OG HÖNNUNAR „Allir fá þá eitthvað fallegt...” hefur verið haldin á hverju ári frá 1999. Reykjavíkurborg lánaði stofnuninni Fógetastofurnar sem eru á neðri hæð Aðalstrætis 10 í desember 2010. Á sýningunni sýndu 24 aðilar fjölbreytt verk. Gerð var krafa um að öll verkin væru ný og hefðu ekki verið til sölu eða sýnis áður. Sýningin stóð frá 1. desember til jóla. Sýningin hefur notið mikilla vinsælda og aðsókn hefur verið mjög góð og er óhætt að segja að jólasýning HANDVERKS OG HÖNNUNAR hafi skipað sér fastan sess í jólaundirbúningi landsmanna.



Burstatré
Kjartan Gunnarsson



Englabaugur
Bjargey Ingólfsdóttir



Ljósker
Guðrún Indriðadóttir

Ráðhús Reykjavíkur – kynning 2010

Undanfarin fimm ár hefur HANDVERK OG HÖNNUN staðið fyrir umfangsmikilli kynningu á íslensku handverki, hönnun og listiðnaði í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þessar kynningar hafa staðið í fjóra daga og fara þannig fram að listafólkið sjálft er á staðnum til að kynna vörur sínar. Í ljósi mikillar ánægju þátttakenda sem fram hefur komið í viðhorfakönnunum og góðrar aðsóknar hefur verið ákveðið að kynning af þessu tagi verði árviss viðburður í starfi HANDVERKS OG HÖNNUNAR. Kynningin var haldin í fimmta sinn dagana 28. okt. til 1. nóv. 2010 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þátttakendur voru 61. Valnefnd valdi þátttakendur úr stórum hópi umsækjenda.

Sýningin var mjög vel heppnuð árið 2010 og jöfn gæði sýningarinnar og fjölbreytni hefur aldrei verið meiri. Aðsókn var mjög mikil og fjölmiðlar sýndu sýningunni mikinn áhuga. Fjallað var um sýninguna í sjónvarpi, útvarpi og blöðum. Viðhorfakönnun var gerð hjá sýnendum og var mikil ánægja með sýninguna (*sjá fylgiskjal 2*).



Skúlaverðlaunin 2010 - Verðlaun fyrir besta nýja hlutinn:

Í þriðja sinn var efnt var til verðlaunasamkeppni um besta nýja hlutinn meðal þátttakenda í sýningunni. Rúmlega fjörutíu tillögur bárust frá 29 aðilum. Þeir sem valdir voru til þátttöku í kynningunni í Ráðhúsinu gátu tilkynnt til HANDVERKS OG HÖNNUNAR nýja vöru í verðlaunasamkeppni um besta nýja hlutinn. Hlutirnir máttu hvorki hafa verið sýnis né sölu opinberlega fyrir kynninguna í Ráðhúsi Reykjavíkur. Verðlaunin eru kennd við Skúla Magnússon fógeta sem er frumkvöðull smáiðnaðar í Reykjavík.
Fagleg valnefnd sem Friðgerður Guðmundsdóttir vöruhönnuður, Karólína Einarsdóttir leirlistamaður og vöruhönnuður og Halla Bogadóttir gullsmiður og framkvæmdastjóri skipuðu valdi sigurvegara. Niðurstaðan er veita eina viðurkenningu auk Skúlaverðlaunanna. Verðlaunin eru styrkt af samtökum iðnaðarins og framkvæmdastjóri samtakanna Orri Hauksson afhenti þau.

Kristín Sigfríður Garðarsdóttir hlaut Skúlaverðlaunin 2010 fyrir ný glös á fæti á sýningunni HANDVERK OG HÖNNUN í Ráðhúsinu.
Glasið er viðbót við glerlínu Kristínar sem hefur fengið nafnið **diskó**. Í **diskó** línunni eru nú 4 gerðir af glösum, 3 gerðir af skálum og karafla.

Margrét Guðnadóttir fékk viðurkenningu fyrir verkið „Sprelli Gnarr". Kveikjan að þessu verki var setning sem höfð var eftir núverandi borgarstjóra Jóni Gnarr sem voru: „Það er allt í lagi að vera með fíflagang ef það fer ekki út í sprell". Margrét gerði fjóra útgáfur af „Sprelli Gnarr" **.**



Kristín Sigfríður Garðarsdóttir og Orri Hauksson


Ketilhúsið Akureyri - kynning 2010

HANDVERK OG HÖNNUN hefur skipulagt kynningu á handverki, hönnun og listiðnaði í upphafi aðventu undanfarin tvö ár í Ketilhúsinu á Akureyri. Viðburðurinn hefur verið skipulagður í samvinnu við Menningarmiðstöðina í Listagili og Akureyrarstofu. Dræm þátttaka var í þessum viðburði í ár og fjármögnun var erfið. Vegna þessa var hætt við þennan viðburð í ár og ákveðið var að reyna aftur 2011.

Bók um handverk og hönnun á Íslandi

HANDVERK OG HÖNNUN gaf út bók um handverk, hönnun og listiðnað á Íslandi maí 2010. Markmiðið með útgáfunni er millilíðalaus kynning á einstaklingum sem starfa á þessu sviði á Íslandi. Þetta er í þriðja sinn sem HANDVERK OG HÖNNUN gefur út af þessu tagi. Fyrri bækur voru

gefnar út 2008 og 2006. Allar bækurnar eru á heimasíðu HANDVERKS OG HÖNNUNAR. Fagleg valnefnd fer yfir umsóknir og velur þátttakendur og er bókin prentuð í 5000 þúsund eintökum.
Bókinni er dreift endurgjaldslaust í öll almennings- og skólabókasöfn á landinu, allar ríkisstofnanir, mörg fyrirtæki, öll sveitarfélög, stéttarfélög, til ferðaþjónustuaðila, í sendiráð bæði íslensk og erlend og margir fleiri hafa fengið bókina til varðveislu. Bókin er jafnframt aðgengileg á heimasíðu HANDVERKS OG HÖNNUNAR á sérstöku svæði. Allir einstaklingar sem vinna við handverk, hönnun og listiðnað, og eru með vörur í sölu allt árið annað hvort á vinnustofu eða öðrum sölustað/stöðum, geta sótt um skráningu í bókinni. Hver einstaklingur er kynntur á einni blaðsíðu í bókinni með mynd af einu verki og ítarlegum upplýsingum. Hver síða er einnig sérprentuð á góðan kortapappír í eitt þúsund eintökum.



Erlent samstarf

- Framkvæmdastjóra HANDVERKS OG HÖNNUNAR var boðið að koma til London á ráðstefnuna **Forming Ideas** sem var haldinn í tengslum við sýninguna Collect í maí 2010. Anne Jones var skipuleggjandi ráðstefnunnar en hún var leiðsögumaður hóps sýningarstjóra sem kom til Íslands haustið 2009. Ráðstefnan var haldin í tengslum við ferðir hópsins um öll Norðurlönd.
- HANDVERK OG HÖNNUN sá um að tilnefna fulltrúa Íslands til þátttöku í ***EUROPEAN ceramik CONTEXT 2010***. European Ceramic Context 2010 er tvær stórar leirlistarsýningar, ráðstefna, námskeið (master class), og nemenda vinnustofa (student workshop) sem haldin var á Bornholm 2010. Verkefnið er mjög umfangsmikið og er styrkt af fjölmörgum dönskum sjóðum. Þetta er í þriðja sinn sem stór alþjóðleg sýning er sett upp á Bornholm. Það var leirlistasýning 2006, glerlistasýning 2008, svo leirlistasýning 2010. Framkvæmdastjóri HANDVERKS OG HÖNNUNAR, Sunneva Hafsteinsdóttir hefur verið útnefnd sem "National commissioner" Íslands af sýningarhöldurum í Danmörku í verkefnið öll árin. Sýningarnar á Bornholm voru metnaðarfullar sýningar, annars vegar sýning listamanna sem hafa skapað sér nafn og hins vegar sýning ungra og upprennandi listamanna sem eru yngri en 35. ára. Þátttökulöndin eru 27 sem eru öll í Evrópusambandinu og þar að auki Ísland, Sviss og Noregur. Fulltrúi hvers lands tilnefnir þá listamenn sem þykja framúrskarandi á hverjum tíma. Sérstök valnefnd í Danmörku fer yfir tilnefningarnar og velur að minnsta kosti einn listamann og í mesta lagi tvo frá hverju landi. Íslensku þátttakendurnir voru fjórir. Það var mjög ánægjulegt að fá það staðfest að Íslendingar eiga framúrskarandi leirlistafólk sem stenst vel alþjóðlegan samanburð. Nemendum í Keramikdeild Myndlistarskóla Reykjavíkur var boðið að taka þátt í nemenda vinnustofu (student workshop). Saga leirlistar á Íslandi er mjög stutt og mjög mikilvægt fyrir íslenskt leirlistafólk að taka þátt í erlendu samstarfi af þessu tagi. Stór sýningarskrá var gefin út í tengslum við sýninguna þar sem allir þátttakendur voru kynntir vandlega. Hver listamaður fékk heila opnu í sýningarskránni þar sem birt var ferilskrá, greinargerð listfræðings, mynd af tveimur verkum og mynd af viðkomandi listamanni. Þessi sýningarskrá fær mikla dreifingu og er mjög mikilvæg heimild um evrópska leirlist í upphafi 21. aldarinnar. Þátttaka íslendinga í þessum þremur sýningum þ.e. 2006, 2008 og 2010 er mjög mikilvæg og ekki síst vegna prentunar á veglegum sýningarskrám sem eru framtíðarheimildir um stöðu leirlistar í Evrópu. Eftirfarandi listamenn tóku þátt í þessum sýningum: Guðný Hafsteinsdóttir, (2006), Margrét Jónsdóttir, (2006 og 2010), Kristín Sigfríður Garðarsdóttir, (2006 og 2008), Guðný Magnúsdóttir, (2006), Sigrún Ólöf Einarsdóttir, (2008) , Sigríður Ásgeirsdóttir, (2008), Jónína Guðnadóttir, (2010), Unnur Gröndal, (2010) og Jóna Birna Óskarsdóttir, (2010).



Nokkur kostnaður fellur til vegna þessa verkefnis og mennta- og menningarmálráðuneytið styrkti HANDVERK OG HÖNNUN vegna þessarar vinnu, þar sem fjárhagur verkefnis var mjög þröngur 2010.

- Framkvæmdastjóri fór til London í september á stærstu handverks -og listiðnaðarsýningu Evrópu, **ORIGIN** sem haldin er á hverju ári. Sýningin er mjög fjölsótt og sýnendur eru um 250. Heimsókn á sýningu af þessu tagi og sjá það sem best er gert í Evrópu er mjög mikilvæg.

Ferða – og verkefnasjóður

HANDVERK OG HÖNNUN styrkir starfandi handverks- og listiðnaðarfólk til að afla sér þekkingar í greininni, hérlendis eða erlendis. Hugmyndin er að koma til móts við einstaklinga vegna náms og/eða ferðakostnaðar. Styrkjum var ekki úthlutað árið 2010 vegna fjárhagsstöðu.

Sérstakt kynningarstarf

HANDVERK OG HÖNNUN hefur kynnt íslenska hönnun og handverk í tímaritinu REYKJAVÍK LIVING sl. 7 ár. Nú var ákveðið að gefa út upplýsingabækling á ensku til kynningar á íslensku handverki, hönnun og listiðnaði. Í bæklingum eru 79 einstaklingar kynntir með mynd af verki og heimasíðu eða netfangi. Bæklingum var dreift á upplýsingarmiðstöðvar, hótel og fleiri staði um allt land. Bæklingurinn var prentaður í 10.000 eintökum. Bæklingurinn er á heimasíðu **HANDVERKS OG HÖNNUNAR** og þar er hægt að nálgast nánari upplýsingar um þátttakendur.



HANDVERK OG HÖNNUN í tölum 2010

Stofnfélagar sjálfseignarstofnunarinnar HANDVERKS OG HÖNNUNAR eru	203
Fastir starfsmenn eru	2
Sýningar á skörinni Reykjavík	13
Samsýningar HANDVERKS OG HÖNNUNAR	2
Fjöldi sýningardaga HANDVERKS OG HÖNNUNAR á árinu	169
Fjöldi þátttakenda í sýningum HANDVERKS OG HÖNNUNAR	48
Fjöldi sýningargesta á árinu	5.000*
Heimsóknir á heimasíðu HANDVERKS OG HÖNNUNAR að meðaltali á mánuði	4.000
Fjöldi einstaklinga sem eru skráðir á póstlista	989
Fjöldi fréttabréfa HANDVERKS OG HÖNNUNAR á árinu	84
Vinir á Fésbók	1165
Kynningar á árinu (Ráðhús Reykjavíkur)	1
Fjöldi þátttakenda í kynningum	61
Fjöldi gesta á kynningum	20.000

* Áætlaðar tölur

Helstu áætluðu verkefni HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2011:

- Fréttabréf – 6-8 fréttabréf á mánuði til tæplega 1000 aðila.
- Þemasýning í samvinnu við menningarmiðstöðina Gerðubergi.
- Cultural Exchange Programme - India / Iceland 2010-2013 - Skipulagning á "workshop" og sýning á afrakstri í Ráðhúsi Reykjavíkur. Verkefni í vinnslu.
- Ráðgjöf og fyrirlestrar.
- Þjónusta við gerð kynningaefnis.
- Sýningar á skörinni, þrettán sýningar.
- Kynning í Ráðhúsi Reykjavíkur, 3. - 7. nóvember 2011.
- Kynning í Ketilhúsinu Akureyri, 25. - 26. nóvember 2011.
- Jólasýning 2011.
- Heimasíða HANDVERKS OG HÖNNUNAR viðhald og endurbætur.
- Ýmis samvinnuverkefni t.d. Atvinnuþróunarfélagið Vestmannaeyjum, Sveitarfélögin á Suðurnesjum, Þorpið Austurlandi og ýmislegt fleira.
- Útgáfa á erlendu fréttabréfi , mars / apríl 2011

Lokaorð

Framlag ríkisins til starfseminnar hefur farið lækkandi síðustu tvö ár og er, samkvæmt nýsamþykktum fjárlögum, rúmlega 45% lægra árið 2011 en það var árið 2008.
Tekist hefur að ná því markmiði þar til á síðasta ári að öll verkefni sem stofnað er til standi undir sér (þ.e. að þátttökugjöld dugi fyrir útlögðum kostnaði) en gunnþættir starfseminnar (þ.e. laun fastra starfsmanna, húsaleiga og annar fastur kostnaður skrifstofu) sé framlag ríkisins.
Nú er svo komið að framlag ríkisins 2011 dugar ekki fyrir launum og launatengdum gjöldum né öðrum föstu kostnaði. Tilraunir til að afla styrkja í samfélaginu hafa ekki borðið árangur, þrátt fyrir að víða sé leitað fanga og alveg ljóst að starfseminni verður ekki haldið úti nema meiri stuðningur komi frá stjórnvöldum. Starfsemi HANDVERKS OG HÖNNUNAR verður því lögð niður á miðju ári 2011 að öllu óbreyttu. Sótt hefur verið um fund með Katrínu Jakobsdóttur, menntamálaráðherra, til þess að leggja líf starfseminnar í hennar hendur.
Stjórn ákvað um mitt ár 2008 að fá óháða aðila til að gera heildarúttekt á starfi stofnunarinnar undanfarin ár sem lið í því verkefni. Stjórnin fól ráðgjafafyrirtækinu R3-Ráðgjöf ehf að meta stöðu stofnunarinnar og þann árangur sem náðst hefur í starfsemi hennar og verkefninu í heild. Megin niðurstaða R3-ráðgjafar þeirra Gísla Sverris Árnasonar MPA og Garðars Jónssonar MSc sem lögð var fram 30. september 2008 fylgir árskýrslunni, *sjá fylgiskjal 7*. Stjórn og starfsmenn eru sammála niðurstöðu R3-ráðgjafar þeirra Gísla Sverris Árnasonar MPA og Garðars Jónssonar MSc sem lögð var fram 30. september 2008 að HANDVERK OG HÖNNUN sé í ***„óviðunandi stöðu vegna óvissu um rekstrarfé og sess innan hins opinbera mennta- og atvinnuþróunarkerfis. Þeirri óvissu þarf að eyða með samningi við t.d. menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti um framtíðarhlutverk stofnunarinnar og þann sess sem henni er ætlaður. Sé tæki sem stjórnvöld eigi að styðja við og nýta sem hluta af stuðningskerfi við menningar- og atvinnugreinar landsins".***

Reykjavík, 21. febrúar 2011

_____

Sunneva Hafsteinsdóttir
framkvæmdastjóri
HANDVERKS OG HÖNNUNAR

Fylgiskjal 1.

HANDVERK OG HÖNNUN kt. 440394 2489, Aðalstræti 10

Framlag stjórnvalda til verkefnisins HANDVERKS OG HÖNNUNAR samkvæmt samningi 2002-2006
Samningsaðilar: Forsætisráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, iðnaðarráðuneytið, landbúnaðarráðuneytið (Framleiðnisjóður landbúnaðarins)

	Samtals:
2003	**17.1 M**
2004	**17.3 M**
2005	**17.5 M**
2006	**18.1 M**

Framlag fjárlaganefndar og framleiðnisjóðs landbúnaðarins til HANDVERKS OG HÖNNUNAR sjálfseignarstofnunar 2007 -2010


			Samtals:	
2007	**15.0 M**	2 M Framleiðnisjóður landbúnaðarins	2007	**17.0 M**
2008	**17.5 M**	1 M Framleiðnisjóður landbúnaðarins	2008	**18.5 M**
2009	**17.5 M**	0	2009	**17.5 M**
2010	**14.5 M**	0	2010	**14.5 M**
2011	**10.0 M**		2011	**10.0 M**

Fylgiskjal 2

NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR SEM GERÐ VAR MEÐAL ÞÁTTTAKENDA Í SÝNINGUNNI HANDVERK OG HÖNNUN Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR 29. OKT. TIL 1. NÓV. 2010


Svörun var mjög góð en alls svöruðu 58 af 61 þátttakanda.

1. Sýningin Handverk og hönnun í Ráðhúsinu 2010 tókst mjög vel.
Hversu sammála ertu þessari fullyrðingu?




2. Ef ert ósammála eða frekar ósammála fullyrðingunni hér að ofan, hvað fannst þér gagnrýnivert?
Af þeim sem svöruðu könnuninni voru **96% frekar eða mjög sammála** því að sýningin hafi tekist vel en **2 % frekar ósammála** því.

3. HANDVERK OG HÖNNUN hefur kynnt sýninguna á ákveðinn hátt í fimm ár. Auglýsingabæklingi hefur verið dreift í 85.000 eintökum með pósti.
Finnst þér koma til greina að breyta þessu?




4. **Ef já, hvað finnst þér koma til greina?**
   - Auglýsingar í blöðum og útvarpi
   - Núverandi form virkar vel en það má alltaf skoða breytingar


5. **Þetta árið stóð sýningin í fjóra daga og tvær klukkustundir á fimmtudeginum. Fannst þér það hæfilegur tími?**




6. **Sýningin verður haldin dagana 3. til 7. nóv. 2011.**
   Hvernig líst þér á eftirfarandi opnunartíma?
   Fimmtudagur 15 - 19
   Föstudagur 10 - 19
   Laugardagur 10 - 18
   Sunnudagur 10 - 18
   Mánudagur 10 - 19




7. Hvernig var salan samanborið við fyrri ár?




8. Hvað finnst þér hæfilegt að HANDVERK OG HÖNNUN standi oft fyrir svona sýningu?



9. Hefur þú áhuga á að sækja aftur um að taka þátt?




10. Þátttakendum hefur staðið til boða ýmis þjónusta í tengslum við sýninguna.
Finnst þér að HANDVERK OG HÖNNUN eigi að bjóða upp á frekari slíka þjónustu? (Ath. hér var hægt að velja einn eða fleiri valmöguleika)




Sem dæmi um **annað** sem var nefnt: posaleiga, stólar og borð.

11. Finnst þér eftirsóknarvert að hafa ákveðið þema tengt sýningunni á hverju ári? Dæmi um þemu gæti verið sjálfbærni, endurnýting, tækni...




12. Skúlaverðlaunin hafa verið afhent undanfarin þrjú ár. Finnst þér þau góð viðbót við sýninguna?




13. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi Skúlaverðlaunin?

14. Finnst þér að það ætti að veita verðlaun / viðurkenningu fyrir það sýningarpláss sem er flottast / best útfært á sýningunni?



15. Hefðir þú áhuga á að HANDVERK OG HÖNNUN skipulegði sameiginlegan kvöldverð á veitingahúsi fyrir þátttakendur á sýningartímanum? T.d. á föstudagskvöldinu á næsta ári?



16. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?

36 af þeim 58 sem svöruðu könnuninni vildu koma einhverju á framfæri.